

AÐALFUNDUR EININGAR-ÍÐJU 2015



Menningarhúsið HOF

Fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 19:30



Aðalfundur Einingar-Iðju

haldinn í Menningarhúsinu HOFI Akureyri

16. apríl 2015 kl. 19:30

Dagskrá

1. Fundarsetning/fundarstjóri.
 - a) Látinna félaga minnst.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Reikningar félagsins.
4. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
5. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins.
6. Veiting gullmerkis félagsins.
7. Kaffihlé.
8. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
9. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
10. Kosnir 37 fulltrúar á aðalfund Stapa lífeyrissjóðs.
11. Kosinn aðalmaður í stjórn Stapa lífeyrissjóðs.
12. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
13. Önnur mál.

Eining-Iðja - Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit	bls.
Ársskýrsla	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	14
Áritun skoðunarmanna	15
Yfirlit um rekstrarafkomu félagsins	16
Yfirlit um efnahag félagsins	17
Rekstrarreikningur félagssjóðs	18
Efnahagsreikningur félagssjóðs	19
Efnahagsreikningur félagssjóðs	20
Rekstrarreikningur sjúkrasjóðs	21
Efnahagsreikningur sjúkrasjóðs	22
Rekstrarreikningur orlofssjóðs	23
Efnahagsreikningur orlofssjóðs	24
Rekstrarreikningur vinnudeilusjóðs	25
Efnahagsreikningur vinnudeilusjóðs	25
Rekstrarreikningur fræðslusjóðs	26
Efnahagsreikningur fræðslusjóðs	27
Rekstrarreikningur byggingarsjóðs	28
Efnahagsreikningur byggingarsjóðs	29
Rekstrarreikningur hússjóðs Dalvíkur	30
Efnahagsreikningur hússjóðs Dalvíkur	31
Rekstrarreikningur hússjóðs Siglufjarðar	32
Efnahagsreikningur hússjóðs Siglufjarðar	33
Rekstrarreikningur skrifstofu Einingar-Iðju	34
Samandreginn rekstrarreikningur	35
Samandreginn efnahagsreikningur	36
Sjóðstreymi	37
Skýringar og sundurliðandir	38
Dagskrárliður 4 – Stjórn, skoðunarmenn og trúnaðarráð	43
Dagskrárliður 5 - Löggiltur endurskoðandi félagsins	44
Dagskrárliður 8 - Kjörstjórn	44
Dagskrárliður 9 - Fastanefndir félagsins og stjórnir	44
Dagskrárliður 10 - Fulltrúar á ársfund Stapa lífeyrissjóðs	45
Dagskrárliður 11 – Fulltrúi í stjórn Stapa lífeyrissjóðs	45
Dagskrárliður 12 - Stjórnarlaun	45

Ársskýrsla

Stéttarfélagið Eining-löja var stofnað þann 15. maí 1999. Félagið var stofnað við sameiningu Verkalýðsfélags Einingar og löju félags verksmiðjufólks. Á árinu 2008 sameinaðist almenna deild Vöku á Siglufirði Einingu-löju. Fullgildir félagsmenn í árslok 2014 voru 7.386.

Starfsemin á árinu

Starfsemin á árinu var með svipuðu sniði og árið áður. Félagið rekur skrifstofur á Akureyri, Dalvík og Siglufirði.

Laun formanns félagsins námu á árinu 2014 kr. 8.545.263 og laun stjórnar kr. 3.130.300.

Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Einingar-löju staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Akureyri, 26. mars 2015.

Stjórn


Sigríður H. Björnsdóttir
Sigríður Þ. Jónsdóttir
Margrét H. Marnadóttir
Anna Jónsdóttir
INGVAR KRISTJÁNSSON
Hafdis Kristjánsd.
Robert Þorsteinsson
Guðrún J. Þorbjarnard.
Sandra H. Þorvaldsson
Margrét Jónsdóttir

Skýrsla stjórnar

Starfssvæði félagsins

Starfssvæði Einingar-Iðju er Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð og allir hreppar Eyjafjarðarsýslu. Einnig Svalbarðsstrandar og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu. Varnarþing og heimili félagsins er á Akureyri.

Félagsgjald

Félagsgjald er 1% af öllum launum. Ekki er innheimt lágmarksgjald.

Skrifstofurnar

Aðalskrifstofa Einingar-Iðju er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og Fjallabyggð, Siglufjarðarmeginn

Starfsmenn

Freydís Antonsdóttir og Dalrós J. Halldórsdóttir létu af störfum á starfsárinu. Íris Hauksdóttir var ráðin í starf þjónustufulltrúa félagsins á Dalvík í stað Freydísar og Svana Rún Símonardóttir var ráðin í stað Dalrósar og starfar hún sem ráðgjafi hjá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði.

Starfsmenn félagsins eru:

Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörns-son, Brynja Skarphéðinsdóttir, Íris Björk Árnadóttir, Íris Hauksdóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sigrún Lárusdóttir, og Þorsteinn E. Arnórsson. Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Nicole Kristjáns-son og Svana Rún Símonardóttir eru ráðgjafar hjá VIRK.

Svæðisfulltrúar

Hjá félaginu starfa fimm svæðisfulltrúar sem staðsettir eru á jafnmörgum þéttbýlisstöðum utan Akureyrar.

Guðrún Þorbjarnardóttir í Hrísey, Hafdís Kristjánsdóttir í Ólafsfirði, Margrét Jónsdóttir á Siglufirði, Róbert Þorsteinsson á Grenivík og Sigríður Jósepsdóttir á Dalvík,

Stjórn félagsins 2014-2015

Auk svæðisfulltrúanna fimm sátu í stjórninni þau Björn Snæbjörns-son formaður, Anna Júlíusdóttir

varaformaður og Halldóra H. Höskuldsdóttir ritari. Einnig sátu þrír formenn deilda í stjórninni, þau Ingvar Kristjánsson frá Iðnaðar- og tækjadeild, Margrét H. Marvinsdóttir frá Matvæla- og þjónustudeild og Sigríður K. Bjarkadóttir frá Opinberu deild.

Almenn starfssemi og þjónusta

Starfsmenntastyrkir	725
Styrkir úr sjúkrasjóði	1.930
Orlofshús og styrkir	1.206
Orlofsferðir og leiksýningar	332
Samtals	4.193

Helstu styrkir úr félagssjóði

Gjafasjóður Sak750.000
Jólaaðstoð700.000
Krabbameinsfélag Ak350.000
Iðnaðarsafnið á Ak.160.000

Atvinnuleysisbætur

Í lok árs 2014 voru 183 félagsmenn á atvinnuleysissskrá, þ.e.a.s. þeir sem létu draga af sér félagsgjöld af atvinnuleysisbótunum. Því miður er alltaf eitthvað um að fólk láti ekki draga af sér slík gjöld og tapi þar með réttindum. Þetta er fækkun um 20 frá árinu á undan.

Lykiltölur

Tekjur	2014	2013
Félagsgjöld	138.875.762	126.905.011
Sjúkrasjóðsgjöld	113.932.896	101.595.258
Orlofssjóðsgjöld	54.403.286	49.049.328
Húsaleiga	27.364.919	24.666.596
Aðrar tekjur	42.501.798	39.110.497
Samtals tekjur	377.078.661	341.326.690
Gjöld		
Styrkir til félagsmanna	122.136.525	108.404.137
Rekstur og viðhald fasteigna	44.321.742	47.559.076
Rekstrarkostnaður og afskriftir	210.596.460	194.505.066
Samtals gjöld	377.054.727	350.468.279
Fjármagnsliðir	10.836.905	20.434.339
Hreinar tekjur til ráðstöfunar	10.860.839	32.827.313

Félagatal

	Aðalfélagar	Svæðisráð
2014	7.312	1.468
2013	6.594	1.365
2012	6.249	1.301
2011	7.349	1.422
2010	7.080	1.533

Starfsgreinadeildir

	2014*	2013*	2012*	2011*	2010
Opinbera deildin	1.422	1.148	1.384	1.457	2.815
Matvæla- og þjónustu.	2.016	1.892	1.783	1.732	3.931
Iðnaðar- og tækjadeild	829	756	802	819	1.777

* Frá og með 2011 er fjöldi reiknaður út frá greiddandi félagsmönnum

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði 2014

	Fjöldi	Upphæð
Dagpeningar	195	88.396.726
Útfararstyrkir.....	18	3.930.000
Bætur samtals	213	92.326.726
Styrkir til félagsmanna		
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd.....	517	9.284.756
Krabbameinsskoðun.....	278	1.426.614
Líkamsrækt	666	5.649.023
Aðrir styrkir (gleraugu, heyrnartæki o.fl.)	256	3.649.168
Styrkir til sjóðsfélaga samtals	1.717	20.009.561
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði 2014	1.930	112.336.287

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2014-2015

Aðalmenn:

Sigrún Lárusdóttir

Jakob Tryggvason

Lára Einarsdóttir

Varamenn:

Hulda Einarsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Sigríður Ólafsdóttir

Námskeið



Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu. Mjög góð þátttaka var á námskeiðunum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á þessi námskeið því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Þó nokkuð hefur verið um það að salir félagsins á Akureyri og í Fjallabyggð hafi verið leigðir fyrir fundi og námskeið á starfsárinu. Sem dæmi má nefna að SGS og Samtök Fiskvinnslustöðva stóðu fyrir fræðslufundi á Akureyri um afkastahvetjandi launakerfi í fiskvinnslum. Þá hittust félagsliðar í aðildarfélögum SGS á Akureyri í nóvember til að ræða sameiginleg hagsmunamál og njóta fræðslu.

Síðastliðið vor stóð félagið fyrir starfslokanámskeiði og tóku 46 félagsmenn þátt í því. Í vor stendur til að halda samskonar námskeið út með firði.

Í lok nóvember hélt félagið IPAD námskeið fyrir byrjendur og tóku 12 þátt í því. Í febrúar var haldið framhaldsnámskeið fyrir IPAD notendur.

Í október tóku 20 félagsmenn þátt í dyravarðanámskeiði sem haldið var í samvinnu við Sýslumanninn á Akureyri.

Í nóvember voru mörg námskeið í gangi. Þá var félagsmönnum boðið upp á námskeið í hvernig eigi að hekla snjókorn. Svo góð aðsókn var á námskeiðið að bætt var við öðru námskeiði á Akureyri og einu í Fjallabyggð. 36 félagar tóku þátt í þessum þremur námskeiðum.



Félagsmönnum var líka boðið upp á námskeið þar sem Snorri Guðvarðarson fór yfir viskísögunu, upphaf viskíframleiðslu og þróun til dagsins í dag.

Í lok nóvember hélt félagið námskeið í kertamálun þar sem Linda Óladóttir kenndi félagsmönnum hvernig eigi að mála á kerti með "One stroke" aðferð.

Starfsmenntasjóðir

Brynja Skarphéðinsdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu. Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið félagsins.

Á síðasta ári fengu alls 725 félagsmenn, 440 konur og 285 karlar, einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er 9 fleiri styrkir en árið áður. Upphæðin sem þau fengu var rúmlega 2,2 milljónum

króna hærri en árið áður, eða kr. 27.064.758.

Aldursdreifing styrkþega

Aldur	Fjöldi
17-20 ára	105
21-30 ára	309
31-40 ára	111
41-50 ára	92
51-60 ára	81
61-70 ára	27

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga	35
Tölvunám/námskeið	8
Aukin ökuréttindi	24
Bílpróf	38
Tungumálanám	18
Framhaldsnám	149
Háskólanám	167
Tómstundanámskeið	58
Starfsnám	137
Annað	64

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almennir markaðurinn	467
Sveitafélög	239
Ríkið	19





Ferðafélagar í „Fjallaferðinni“ 2014

Leikhús

Á hverju ári eru félagsmönnum sem eru lífeyrisþegar og mökum þeirra boðið í leikhús. Í fyrra var farið tvisvar, en seinni sýningin telst sem sýning ársins í ár.

Í apríl fóru hátt í 100 félagsmenn og sáu leikritið „Fullkomið brúðkaup“ hjá Leikfélagi Dalvíkur. Í nóvember fóru rúmlega 100 félagsmenn og sáu „Verksmiðjukrónikuna“ sem Leikfélagi Hörgdæla sýndi á Melum.

Orlofsmál

Árið 2014 var farið í þrjár ferðir eins og venjulega.

- 45 fóru í ferð til Ítalíu.
- 37 fóru í „Fjallaferðina“ þar sem farið var um Austurland.
- Um 50 fóru í árlega dagsferð fyrir eldri félagsmenn þar sem ekið til Sauðárkróks, fyrir Skagann, yfir Þverárfjall og til Siglufjarðar.

„Vika að eigin vali“

Á árinu 2014 voru í boði 270 styrkir sem kallast „Vika að eigin

vali“ Hver styrkur er að upphæð kr. 18.000 og voru þeir vel nýttir af félagsmönnum.

Orlofshús og orlofsíbúðir

Átján orlofshús og sex orlofsíbúðir eru í eigu Einingar-Iðju. Félagið á einnig tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík. Í fyrra eignaðist félagið Tjarnargerði að fullu er 10% hlutur Bílstjórufélags Akureyrar var keyptur.

Íbúðir félagsins í Reykjavík eru alltaf í notkun og komast færri að en vilja þrátt fyrir fjölgun þeirra á undanförunum árum. Eining-Iðja á nú sjö íbúðir í Reykjavík, en tvær þeirra eru notaðar sem sjúkraíbúðir. Að auki er félagið með á leigu íbúð á 6. hæðinni í Ásholti 2 sem notuð er sem orlofsíbúð. Hún er samt leigð eftir þörfum, þ.e. eins og sjúkraíbúðir félagsins.

Sú breyting varð þann 1. mars sl. að fyrirtækið Sólar ehf. tók við allri umsjón á íbúðum félagsins í Reykjavík. Þessi breyting á umsjónaraðila hefur í för með sér

að leigjandi þarf ekki lengur að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Hægt verður að leigja lín hjá umsjónaraðila, en það þarf að panta með góðum fyrirvara.

Allar upplýsingar um leiguna koma fram á samningi sem viðkomandi fær þegar hann leigir íbúð hjá félaginu.

Gæludýr eru stranglega bönnuð í öllum húsum félagsins því dæmi eru um að slæm ofnæmistilfelli hafi komið upp. Leigutaki þarf að borga kr. 25.000 sekt ef reglan er brotin.

Nýting orlofshúsa 2014

Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Iðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra má sjá í eftirfarandi töflum. Nýtingin var mjög góð þrátt fyrir að óveður og ófærð settu stundum strik í reikninginn.

Skipti- og leiguhús	Sumarvikur
Bjarteyjarsandur (1) ...	9
Brekkuskógur (2)	21
Einarsstaðir (2)	23
Garðshorn (1)	6
Klifabotn í Lóni (1)	9
Munaðarnes (1)	8
Súðavík (1)	7
Úlfljótsvatn (1)	8
Vaðnes (1)	7
Ölfusborgir (1)	11

Hús í eigu félagsins	Vikur	Helgar
Egilsstaðir (1)	14	6
Einarsstaðir (1)	14	4
Illugastaðir (5) (14 yfir veturinn) ...	117	229
Flókalundur í Vatnsfirði (1)	7	1
Reykjavík (1) Leiguíbúð	17	65 (stubbaleigur)
Reykjavík (5)	245	10 (stubbaleigur)
Svignaskarð (1)	20	28
Tjarnargerði (1)	21	29

Fundir hjá félaginu

Fjöldmargir fundir voru haldnir hjá félaginu á síðasta starfsári.

Trúnaðarráð



Tveir fundir voru haldnir í trúnaðarráðinu þar sem m.a. var fjallað um stöðuna í samningamálum, uppstillingu í stjórn og trúnaðarráð og samninganefnd og fulltrúa á þing.

Á fyrri fundinum var gengið frá listum stjórnar og trúnaðarráðs á ASÍ þing sem fram fór í október. Einnig var samþykkt samhljóða tillaga um skilafrest lista vegna þess. Á fundinum var jafnramt kosið í samninganefnd félagsins.

Á fundinn mætti Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson, einn af lögfræðingum félagsins, og fór yfir ýmis mál sem gott er fyrir félagsmenn að hafa í huga. M.a. fjallaði hann um vinnuslys og hugtakið „tómletti“ í vinnurétti.

Björn formaður fór yfir ýmis mál sem upp hafa komið þar sem verið var að brjóti á rétti félagsmanna. Ásgrímur upplýsingafulltrúi sýndi nokkrar auglýsingar sem félagið var með í birtingu, m.a. vegna réttindabrota.

Á seinni fundinum var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2015/2016 og skilafrest lista. Fjallað var um stöðuna í samningamálum og undurbúning aðgerða. Á fundinn komu fulltrúar úr verkfallsnefnd félagsins sem og Magnús Nordal, lögfræðingur ASÍ, en hann fór yfir ýmis mál er viðkoma verkföllum, t.d. mismunandi útfærslur á þeim og forsendur.

Samninganefnd

Sex fundir voru haldnir í samninganefnd á starfsárinu.

Á þeim fyrsta var farið yfir stöðuna í samningamálum félagsins. Þá var nefndinni skipt upp í

hópa og var farið yfir síðustu kröfugerð, en mikil vinna var lögð í hana fyrir síðustu samninga. Jafnframt var skipað í undirnefndir einstakra samninga

Á fundi tvö var farið yfir niðurstöður sjö funda sem félagið stóð fyrir. Sex voru opnir félagsmönnum en sá sjöundi var fyrir samninganefnd, trúnaðarráð og þá trúnaðarmenn sem ekki eru í þessum nefndum. Unnið var í hópum og í lokin var gengið frá launakröfum félagsins varðandi samning SGS og SA og voru þær sendar á samninganefnd SGS.



Á þriðja fundi nefndarinnar voru kynntar kröfur SGS gagnvart almenna samningnum við SA.

Á fjórða fundi nefndarinnar var farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við SA. Gengið var frá samningsumboði til SGS vegna samninga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þá var einnig farið yfir aðgerðarplan SGS og tillögu um atkvæðagreiðslu um verkföll.

Á fimmta fundi var farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við SA. Samþykkt var kröfugerð vegna samnings við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóð og vegna samnings við Samband íslenskra sveitarfélaga. Björn fór jafnframt yfir rafrænu kosninguna og tímasetningar aðgerða vegna samninga við SA.



Á sjötta fundi var enn og aftur farið yfir stöðuna í samningaviðræðum við SA. Samþykktar

voru tvær tillögur um atkvæðagreiðslur um verkföll vegna samnings SGS og SA, bæði vegna almenna samningsins og vegna veitingahúsasamningsins. Björn fór yfir rafrænu kosninguna og nýjar tímasetningar aðgerða. Jafnframt var kosinn formaður kjörstjórnar og varamaður hans.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi. Eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta árið. Kosnir voru svæðisfulltrúar á Ólafsfirði og Grenivík. Jafnramt þurfti að kjósa nýjan varasvæðisfulltrúa í Hrísey þar sem forveri hans hafði flutt burt af eyjunni.

Svæðisfulltrúar eru sjálfkjörnir í aðalstjórn félagsins og varasvæðisfulltrúar í trúnaðarráð.

Dagana 23. til 25. mars sl. hélt félagið sex félagsfundi vegna samningaviðræðna við Samtök atvinnulífsins. Þar var einnig kynnt atkvæðagreiðsla vegna verkfallsaðgerða hjá þeim sem starfa á almenna vinnumarkaðnum. Mjög góð mæting var á fundina sem haldnir voru á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Grenivík og Hrísey.

Búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi á árinu. Á þeim hafa átt sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Trúnaðarmenn hafa verið hvattir til að vera duglegir að halda slíka vinnustaðafundi með starfsmönnum félagsins. Margir aðrir fundir voru haldnir, t.d. fræðslufundir. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess.

Stjórnarfundir

Ellefu fundir voru haldnir í stjórn félagsins þar sem fjölmörg mál voru tekin fyrir, m.a. samningar, fjármál félagsins og önnur mál er varða félagsstarfið í heild.

Vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.



Helstu mál sem tekin voru fyrir á stjórnarfundum félagsins:

Á öllum fundum stjórnar er lagður fram listi yfir nýja félaga sem gengið hafa í félagið frá síðasta stjórnarfundinum.

Á fyrsta fundi stjórnar, þann 13. maí, var m.a. farið yfir ýmis málefni er varðar Stapa lífeyrisjóð vegna ársfundar sem var 21. maí en þar átti félagið rétt á 33 fulltrúum. Á fundinum var lögð fram endurskoðunarskýrsla undirrituð af löggiltum endurskoðendum félagsins. Niðurstaða þeirra er að þeir eru mjög ánægðir með vinnu starfsmanna félagsins er varðar allt sem snýr að bókhaldi félagsins og reikningsskilum. Lagt var fram bréf frá ASÍ þar sem fram kom mat sambandsins á ársreikningum félagsins og kom fram að þeir standast öll mót sambandsins. Flugfélag Íslands hafði sent inn erindi og var það tekið fyrir á fundinum. Afsal vegna kaupa á Tjarnargerði var lagt fram og einnig þakkarbréf frá FSA vegna sjúkrarúms sem félagið gaf. Farið var yfir stöðu samningamála hjá félaginu og kom fram í máli formanns að flestir samningar félagsins væru frágengnir, þó væri samningur við sveitarfélögin eftir. Einnig að byrjað væri að gera stofnana-samninga við stofnanir sem falla undir ríkissamninginn. Lögð var fram dagskrá fyrir starfsdag félagsins sem var haldinn 16. maí í Hofi. Aðalfundur Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum var haldinn 12. maí og var farið yfir hann á fundinum. Fjallað var um stöðu atvinnumála í Hrísey og í Grímsey.

Á fundi 26. júní var m.a. sagt frá því að samningar við sveitarfélögin væru í ferli og að skrifað hefði verð undir stofnana-samning við Sjúkrahúsið á Akureyri fyrr um daginn. Lagðar voru fram niðurstöður úr hópavinnunni sem Eyrún hjá ASÍ stjórnaði á starfsdegi félagsins. Tekið var fyrir erindi frá ASÍ-UNG vegna

þings 12. september og voru skipaðir tveir fulltrúar félagsins á það. Kynntur var nýr samningur sem stéttarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu gerðu við Virk starfs-endurhæfingarsjóð. Stjórnarkonur sem fóru á Nordisk Forum sögðu frá því sem þær upplifðu þar. Heimild til handa Ferðanefndar félgsins vegna ferða á árinu 2015 var samþykkt og sagt frá húsfundi í Alþýðuhúsinu. Sagt var frá hugmynd að klæðningu á orlofs-húsin á Illugastöðum, sagt frá breytingu á reglum varðandi símatíma umsjónarmanns íbúða félagsins í Reykjavík og kynnt samþykki framkvæmdastjórnar SGS um að fara í mál varðandi túlkun á reglum um hráefnisskort.

Á fundi 21. ágúst sem fram fór í sal félagsins á Siglufirði var lögð fram ný rekstraráætlun fyrir árið 2014, en búið var að taka inn í hana þær breytingar sem stjórnin hefur ákveðið síðan hún var samþykkt í janúar. Samþykkt var að taka þátt í útboði vegna framkvæmda á Illugastöðum sem stjórn Orlofsbyggðarinnar ákvað að fara í. Samþykkt var að kjósa nýja samninganefnd á næsta fundi trúnaðarráðs. Ákveðið að leggja fram lista yfir 11 fulltrúa félagsins á þing ASÍ fyrir trúnaðarráð til samþykktar. Ásgrímur fór yfir auglýsingar sem félagið var með í birtingu og ræddi um áframhald þeirra. Einnig sagði hann aðeins frá hvernig til hefði tekist með þær að ná til félagsmanna. Ákveðið var að vera með spurningar í næsta Akureyrarvagni Gallups þar sem fleiri en félagsmenn væru spurðir út í hvort viðkomandi hefði orðið var við auglýsingar frá stéttarfélögum á svæðinu og þá hvaða félagi og hvort þær væru að virka. Formaður greindi frá því að allir samningar félagsins hefðu verið afgreiddir. Fjallað var um tilboð vegna símaþjónustu félagsins og var ákveðið að vinna áfram að málinu og semja við þann aðila sem býður betur varðandi verð, þjónustu, öryggi og gæði



Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kom í heimsókn á fund stjórnar þann 25. ágúst. Hann var á fundarferð um landið þar sem hann heimsótti stjórnir langflestira þeirra

rúmlega 50 stéttarfélaga sem eiga aðild að ASÍ. Gylfi var á þessum fundum að heyra í grasrótinni, áherslur þess og væntingar vegna samningamála, auk þess að kynna áherslur í starfi ASÍ. Miklar og góðar umræður urðu á fundinum.

Á fundi 30. september var m.a. fjallað um breytingu á útbóði vegna framkvæmda á Illugastöðum. Á fundinn mætti Ásgeir Örn, lögmaður félagsins, og fór yfir mál félagsmanns og var ákveðið að fara með það fyrir dómstóla. Ákveðin tímasetning á námskeiðum fyrir starfsmenn og stjórnir félagsins. Tekin fyrir uppsögn starfsmanns á Dalvík og ákveðið að fá Capacent til að sjá um ráðningarferli á nýjum starfsmanni. Á fundinum var samþykkt ályktun vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2015. Tekin var ákvörðun um þrjá fulltrúa félagsins á fulltrúaráðsfund AN og jafnframt var tekið fyrir erindi frá Stapa lífeyrissjóði.

Á fundi 18. nóvember var m.a. sagt frá því að 10 hefðu sótt um starf hjá félaginu á Dalvík og að búið væri að ráða nýjan starfsmann. Tekin var fyrir uppsögn Dalrósar, sem fór að starfa hjá Skóladeild Akureyrarbæjar, og var ákveðið að fá Capacent til að sjá um ráðingu á nýjum starfsmanni. Farið var yfir stöðuna í samningmálum og vinnuna sem framundan var. Fjallað var um nýafstaðið ASÍ þing. Farið var yfir niðurstöður úr Akureyrarvagni Gallups vegna auglýsinga félagsins. M.a. sögðust 93% hafa séð auglýsingu frá félaginu, 92% sögðu að þær væru gagnlegar eða hvorki né. Samþykkt var tillaga að uppstilligarnefnd félagsins fyrir árið 2015 til 2016. Samþykkt var að halda fundi í Svæðisráðunum í Ólafsfirði og Grenivík í tengslum við fundi sem haldnir verða um kjaramál og einnig var ákveðin dagsetning á aðalfundum deilda og aðalfundi félagsins. Samþykkt var erindi frá fjórum samtökum sem eru í samstarfi í að veita jólaaðstoð. Samþykkt var að veita styrk að

upphæð kr. 700.000. Formaður fór yfir stöðu framkvæmda á Illugastöðum.

Á fundi 16. desember kynnti Sigríður Ólafsdóttir, frá Capacent Gallup, niðurstöður launa- og þjónustukönnunar sem gerð var fyrir Einingu-Iðju og AFL starfsgreinafélag. Sagt var frá því að 30 umsóknir hefðu borist vegna starfs VIRK fulltrúa á Akureyri og að búið væri að ráða í starfið. Sagt var frá þremur fundum sem félagið hélt þar sem Kári Arnór Kárasón, framkvæmdastjóri Stapa, kynnti hugmyndir að nýju réttindakerfi hjá sjóðnum. Formaður fór yfir stöðuna í samningmálum félagsins. Tekið var fyrir bréf frá Vinnumálastofnun þar sem tilkynnt var að þjónustusamningur við félagið um þjónustu við atvinnulausa á Siglufirði og Dalvík yrði ekki framlengdur. Stjórnin var mjög óhress með að verið væri að draga úr þjónustu við atvinnulausa á svæðinu og samþykkti ályktun um málið. Stjórn samþykkti að stofnaður yrði fimm manna hópur ungs fólks með það að markmiði að koma með tillögur til stjórnar hvernig hún gæti komið betur upplýsingum til ungs fólks á félagssvæðinu.

Á fundi 28. janúar var m.a. rekstraráætlun fyrir árið 2015 lögð fram og skýrð. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Fjallað var um stöðu samningamála og samþykkt tillaga að verkfallsnefnd félagsins vegna samninga SGS og SA vorið 2015. Tekin var fyrir uppsögn umsjónarmanns íbúða félagsins í Reykjavík og skoðað tilboð vegna eftirlits og ræstingu á íbúðum félagsins í Reykjavík. Samþykkt var að fara í breytingar á tölvukerfi félagsins.

Á fundi 9. mars var m.a. skipað í nefndir til að endurskoða reglugerð sjúkrasjóðs og einnig var skipað í uppstillinganefnd ráða og

nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Á fundinum var einnig rætt um aðalfund Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum sem verður 7. maí nk.

Hermann Brynjarsson, endurskoðandi Einingar-Iðju, kom á fund stjórnar 26. mars og kynnti reikninga félagsins fyrir síðasta ár. Fram kom að tekjuafgangur ársins var kr. 23.934 miðað við rúmlega 9,1 milljón króna halla í fyrra. Að teknu tilliti til fjármagnsliða er afgangurinn um 10,8 milljónir króna miðað við 32,8 milljónir í fyrra. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Einnig var fjallað um stöðuna í samningamálum en fyrr um daginn ákvað samninganefnd SGS að afturkalla atkvæðagreiðslu sem stóð yfir og láta endurtaka hana hjá hverju félagi fyrir sig. Ákveðið var að skipa þriggja manna undanþágunefnd sem mun úrskurða um undanþágur ef beiðni kemur um þær. Lagður var fram listi yfir tillögu nefndar sem var skipuð á síðasta fundi yfir fulltrúa í ráð og nefndir sem kosnar eru á aðalfundi félagsins. Einnig var lögð fram tillaga að fulltrúa í stjórn Stapa og jafnframt var lögð fram tillaga að lista yfir fulltrúa félagsins á ársfund Stapa sem verður 29. apríl nk. Eining-Iðja á rétt á 37 fulltrúum. Samþykkt að fara í framkvæmdir við Alþýðuhúsið, mála, skipta um gler og fleira. Einnig var samþykkt að skipta um járn á þökum orlofshúsa félagsins á Illugastöðum.

Á fundi þann 14. apríl, þeim síðasta fyrir aðalfund, var m.a. farið yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 16. apríl.

Aðalfundir starfsgreinadeilda

Aðalfundir starfsgreinadeildanna fóru fram 10. febrúar sl. á Hótel KEA á Akureyri. Sama fyrirkomulag var á fundunum eins og undanfarin ár. Í byrjun voru allar

deildirnar þrjár saman á fundi þar sem flutt var fræðsluerindi. Í ár fjallaði Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, um ferðapjónustu í Eyjafirði.

Að erindi loknu var boðið upp á kaffiveitingar og svo hélt hver deild fyrir sig sinn aðalfund, hver á sínum stað í húsinu. Þar fóru fram venjuleg aðalfundarstörf. Allir þessir fundir tókust vel en voru misvel sóttir, eins og alltaf. Formenn deilda eru sjálfkjörnir í stjórn félagsins og varaformenn eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.



Fundir og ársfundir

Í maí var haldinn aðalfundur Stapa. Í september fór fram þriðja þing ASÍ-UNG, í október fór fram þing ASÍ í Reykjavík og fulltrúafundur AN á Illugastöðum. Eining-Iðja átti að sjálfsgöðu fulltrúa á öllum þessum stöðum og verður hér á eftir farið í órúttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.



Aðalfundur Stapa var haldinn 21. maí 2014 í HOFI á Akureyri og átti félagið þar rétt á 33 fulltrúa. Björn Snæbjörnsson er fulltrúi félagsins í stjórn sjóðsins og sem formaður hennar flutti hann skýrslu stjórnar.



Kári Arnór framkvæmdastjóri skýrði ársreikning sjóðsins og Bjarni Guðmundsson trygginga- stærðfræðingur kynnti tryggingafræðilega úttekt sem hann gerði á sjóðnum og í lok fundar kynnti hann nýtt réttindakerfi sem hefur verið til skoðunar hjá sjóðnum um nokkurt skeið. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða að lokinni yfirferð Kára. Arne Vagn Olsen fjárfestingastjóri fór yfir fjárfestingarstefnu Stapa fyrir árið 2014 og Jóna Finndís, áhættustjóri sjóðsins, sagði frá markmiðum áhættustýringar sjóðsins.

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir ársfundinn en stjórnarkjör fór fram að vanda og samkvæmt samþykktum sjóðsins bar að þessu sinni að kjósa fjóra fulltrúa launamanna og tvo fulltrúa launagreiðenda.

Á heimasíðunni www.stapi.is, má fá frekari upplýsingar um starfsemi sjóðsins. Á sjóðfélaga- vefnum þeirra geta sjóðfélagar og rétthafar séreignar einnig skoðað eigin stöðu hjá sjóðnum.

41. þing ASÍ



Í lok október fór fram 41. þing Alþýðusambands Íslands. Þingið, sem bar yfirskriftina Samfélag fyrir alla – jöfnuður og jöfn tækifæri, stóð yfir í þrjá daga og var að þessi sinni haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Þingið sátu rúmlega 300 þingfulltrúar frá 51 félagi innan ASÍ. 109 þingfulltrúar komu frá félögum innan Starfsgreinasambandsins, þar af 11 frá Einingu-Iðju.

Fulltrúaráðsfundur AN



Í október fór fram fulltrúaráðsfundur Alþýðusambands Norðurlands á Illugastöðum í Fnjóskadal. Slíkur fundur er haldinn annað hvert ár, þ.e. þegar þing sambandsins fer ekki fram. Eining-Iðja átti rétt á að senda þrjá fulltrúa og sátu fundinn formaður og varaformaður félagsins, ásamt formanni Opinberu deildar, þau Björn Snæbjörnsson, Anna Júlíusdóttir og Sigríður K. Bjarkadóttir. Fimm fyrirlesarar mættu á fundinn, Aðalsteinn Þorsteinsson, forstöðumaður Byggðastofnunar, reið á vaðið og fjallaði um brothættar byggðir og jaðarbyggðir. Næst steig Snæbjörn Sigurðarson, verkefnisstjóri hjá sveitarfélaginu Norðurþingi, í pontu og fjallaði um stöðuna á uppbyggingu kísilvers þýska fyrirtækisins PCC á Bakka við Húsavík.



Eftir léttan hádegisverð fjallaði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um hugmynd að nýju húsnaðis-kerfi að danskri fyrirmynd og einnig um félagslega húsnaðisstefnu. Því næst sagði Vilhjálmur Bjarnason, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, frá því hvað samtökin eru að gera og fór yfir sjónarmið Hagsmunasamtakanna til húsnaðismála. Að lokum fjallaði Hákon Hákonarson, formaður Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum, um fyrirhugaða stækkun á byggðinni.

Miklar og góðar umræður urðu um öll erindi dagsins.

Þing ASÍ-UNG

Þriðja þing ASÍ-UNG var haldið í september undir yfirskriftinni „Samfélag fyrir alla ... líka unga fólkið“. Á þinginu var m.a. fjallað um tekjuskiptingu í samfélaginu og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þingið sóttu 26 þingfulltrúar og 10 aukafulltrúar. Hildigunnur Sigðurðardóttir var fulltrúi félagsins á þinginu.

Framkvæmdir hjá félaginu



Á starfsárinu var ákveðið að ráðast í breytingar á orlofshúsum félagsins á Illugastöðum og stendur sú framkvæmd enn yfir. Öll húsin verða klædd að utan með stálklæðningu, jafnframt er verið að skipta um glugga, klæða upp í þakskyggni og laga annað sem þarf að laga.

Sjúkraíbúð félagsins í Ljósheimum í Reykjavík var seld um áramótin 2013-2014 og var önnur keypt í hennar stað í byrjun síðasta árs. Nýja íbúðin er í Sóltni og áður en hún var tekin í notkun var baðherbergið endurnýjað með til-liti til fatlaðra og eins var íbúðin máluð.



Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum og íbúðum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Þjónustan á skrifstofunum

Eins og undanfarin ár var mikið álag á skrifstofum félagsins. Starfsmenn fá fjölmargar spurningar í sambandi við kaup og kjör.

Fræðsla sem félagið fer með í skóla á svæðinu fyrir unga fólkið er líka að skila sér með aukinni aðsókn ungmenna. Í um 15 ár hefur Eining-Iðja beitt sér fyrir fræðslu í öllum tíundabekkjum á Eyjafjarðarsvæðinu og í öllum 1. bekkjum í VMA.

Nokkuð mörg mál eru í gangi varðandi innheimtu á félagsgjöldum.

Miðasala í Hvalfjarðargöng er þjónusta sem félagið býður upp á og er heilmikið notuð. Hver miði er seldur á kr. 635 og því er það ágætis búbót að kaupa miða áður en lagt er af stað. Ef borgað er við göngin þá kostar stök ferð kr. 1.000. Ef keyrt er fram og tilbaka þá geta félagsmenn sparað sér kr. 730. Í fyrra seldi félagið um 10.000 miða og því spöruðu félagsmenn alls um kr. 360.000 með því að kaupa miða hjá félaginu.

Mikið hefur mætt á lögfræðingum félagsins bæði varðandi launakröfur, gjaldþrot og aðstoð við starfsmenn við að túlka samninga.

Rétt er að minna á samning sem félagið er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið. Starfsmönnum félagsins er heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-Iðju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Félagið ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum. Algjört skilyrði er að félagsmenn hafi fyrst samband við Einingu-Iðju og er það félagsins að meta hvort málinu verði vísað til lögfræðinga félagsins

PACTA

Í samningnum er einnig kveðið á um að félagsmaður í Einingu Iðju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Nordic Forum

Dagana 12. til 15. júní fór fram kvenna- og jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum. Þar hittust þúsundir femínista, aktívista, umhverfissinna, fræðimanna og byltingarseggja frá öllum Norðurlöndunum og alls staðar að úr heiminum í Malmö og ræddu um áskorirnar í jafnréttisbaráttunni og hvað þarf að gera til að breyta heiminum.

Sextíu konur frá félögum sem eiga aðild að Starfsgreinasambandinu, þar af átta frá Einingu-Iðju, sátu ráðstefnuna. Alls voru tæplega 400 konur frá Íslandi á ráðstefnunni en hún taldi milli 10 og 20 þúsund þátttakendur.

Vinnustaðaskírteini

Fjórir starfsmenn félagsins eru núna eftirlitsfulltrúar með vinnustaðaskírteinum, þetta eru þau Anna Júlíusdóttir, Ásgrímur Örn Hallgrímsson, Björn Snæbjörnsson og Þorsteinn E. Arnórsson.

Samningur um símavist



Í september var skrifað undir samning við Símann um að félagið verði í símavist hjá fyrirtækinu frá og með 1. október. Eining-Iðja hefur lengi verið í símaviðskiptum við Símann en nú sjá þeir einnig sjá um símakerfi félagsins.

Útgáfa og kynningarmál

Að venju gaf félagið út þrjú blöð á síðasta ári; þ.e. orlofsblað, sumarblað og jólablað. Félagsblöðin voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félagssvæðinu, í um 11.000 ein-tökum, og hefur það mælst vel fyrir.

Heimasíða félagsins var eins og undanfarin ár bæði vel virk á árinu og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Á síðasta ári var ákveðið að



nútímavæða síðuna enn frekar og gera hana skalanlega. Það þýðir að engu máli skiptir hvort hún er skoðuð í tölvu, spjaldtölvu eða síma. Síðan aðlagar sig alltaf að stærð þess tækis sem hún er skoðuð í.

Lögd er áhersla á að upplýsingar á heimasíðunni séu sem aðgengilegastar og settar fram á greinargóðan hátt. Á síðunni má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

Félagavefur

Vert er að minna á félagavefinn þó fjölmargir noti hann. T.d. til að nálgast ýmsar upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu á einfaldan hátt, athuga með orlofs-hús og sækja um þau. Það eina sem þarf að gera er að fara inn á heimasíðuna okkar og smella þar á hnappinn **Félagavefur**. Í fyrsta sinn sem þetta er gert þarf að skrá sig og þá fær viðkomandi sendan vef-lykil á lögheimili sitt.

Launagreiðendavefur

Félagið er með launagreiðendavef sem býður upp á einföldun við iðgjaldaskil og þægilegt aðgengi að upplýsingum um eldri færslur.

Í skilagreinarakerfinu eru t.d. villuprófanir sem einfalda útfyllingu og ættu að tryggja enn öruggari skil en áður en hann var tekinn í gagnid. Í yfirliti fást síðan ítarlegar upplýsingar um eldri skilagreinar og greiðslustöðu.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins má finna niðurstöður í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Capacent um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

capacent

Þetta er í fjórða sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

VIRK starfsendurhæfingarsjóður

Fjórir VIRK ráðgjafar sinna ráðgjöf fyrir félagsmenn allra stéttarféлага í Eyjafirði. Ráðgjafarnir eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á Akureyri; þetta eru þær Elsa Sigmundsdóttir, Hildur Petra Friðriksdóttir, Nicole Kristjánsson og Svana Rún Símonardóttir.



STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Elsa er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins á Dalvík alla þriðjudaga og Hildur Petra er með fasta viðveru á skrifstofu félagsins í Fjallabyggð alla miðvikudaga.

Hlutverk VIRK

VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

Hlutverk ráðgjafa

Öllum einstaklingum sem leita til VIRK er sýnd virðing óháð

uppruna og stöðu og mikill metnaður er lagður í fagleg samskipti, bæði við einstaklinga og fagaðila. Ráðgjafar eru vel að sér í hugmyndafræði starfsendurhæfingar og taka virkan þátt í þróun verkferla VIRK.

Það má með sanni segja að kjarninn í starfi VIRK fari fram hjá ráðgjöfunum. Starf VIRK ráðgjafans felst í því að afla upplýsinga um stöðu einstaklingsins og styðja hann og hvetja á leið sinni aftur á vinnumarkað. Þetta er gert í samráði við teymi sérfræðinga og með aðstoð fjölda úrræðaaðila. Sem dæmi um úrræði má nefna: sálfræðiviðtöl, sjálfsstyrkjandi námskeið og heilsurækt með faglegum stuðningi. Stuðningur ráðgjafa er veittur í samstarfi við meðhöndlandi lækni, aðra fagaðila og stofnanir eftir þörfum. Ráðgjafar tryggja virkt upplýsingaflæði á milli allra þeirra aðila sem koma að starfsendurhæfingu einstaklings og eru tengiliðir við sérfræðinga VIRK sem veita þeim faglegan stuðning og koma að málum einstaklinga eftir þörfum. Til að ráðgjafar geti sem best hvatt einstaklinga til að ná árangri hafa allir starfandi

ráðgjafar VIRK verið þjálfaðir í notkun Áhugahvetjandi samtals (e. motivational interview). Áhugahvetjandi samtal er alþjóðlega viðurkennd aðferð til að vinna með einstaklingum að breyttri hegðun og er mikið notuð í starfsendurhæfingu um allan heim.

Framtíðarsýn til 2020

- VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi þar sem dregið hefur verulega úr nýgengi á örorku.
- VIRK byggir á gagnreyndri þekkingu, rannsóknum og reynslu sem tryggir samþætta, árangursríka og örugga þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.
- VIRK hefur í samvinnu við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir unnið að því að ryðja úr vegi hindrunum gegn aukinni atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu.
- VIRK er virt þekkingarsetur og leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar.

NÝTIÐ YKKUR ÞJÓNUSTU Í HEIMABYGGÐ

SIGLUFJÖRÐUR

Sími 460 3600
Eyrargata 24b
Opíð alla virka daga frá kl. 9 til 15



Margrét Jónsdóttir
magga@ein.is

ÓLAFSJÖRÐUR

Sími 866 2562



Hafðís Kristjánsdóttir
Svæðisfulltrúi
ATH! Hægt er að kaupa miða í Hvalfjarðargöng á skrifstofu Sjómannafélags Ólafsfjarðar

DALVÍK

Sími 460 3600
Hafnarbraut 5
Opíð alla virka daga frá kl. 10 til 16



Íris Hauksdóttir
iris@ein.is



HRÍSEY

Sími 692 4910



Guðrún Þorbjarnardóttir
Svæðisfulltrúi

GRENIVÍK

Sími 844 5729



Róbert Þorsteinsson
Svæðisfulltrúi

AKUREYRI

Skipagötu 14
Opíð kl. 8-16 alla virka daga
Sími 460 3600



Björn Snæbjörnsson
bjorn@ein.is



Ásgrímur Örn Hallgríms
asgrimur@ein.is



Þorsteinn E. Arnórsson
steini@ein.is



Sigrún Lárusdóttir
sigrun@ein.is



Svana Rún Simonardóttir
svana@ein.is



Hildur Petra Friðriksd.
hildurpetra@ein.is



Brynja Skarphéðinsdóttir
brynja@ein.is



Anna Júlíusdóttir
annajul@ein.is



Margrét Einarisdóttir
margret@ein.is



Nicole Kristjánsson
nicki@ein.is



Elsa Sigmundsdóttir
elsa@ein.is

